

Septem '82 á Kjarvalsstöðum:

# Tíunda sýningin í tíu ára sýningarhrinu



Hluti Septem-hópsins við uppsetningu sýningarinnar: Jóhannes Jóhannesson, Guðmunda Andrésdóttir, Kristján Davíðsson, Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skúlason.

Ljóm: Ragnar Axelsson.



TÍUNDA sýning Septem-hópsins, á jafnmörgum árum, verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag klukkan 14. Þau sem sýna verk sín að þessu sinni eru Sigurjón Ólafsson, Guðmunda Andrésdóttir, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Kristján Davíðsson, Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skúlason. Sami hópurinn hefur sýnt á þessum sýningum í öll þessi tíu ár, nema hvað Steinþór Sigurðsson er ekki með og hann hefur ekki sýnt á öllum sýningunum.

„Því var nú spáð á sínum tíma, að það yrði aldrei nema þessi eina sýning, okkur tækist aldrei að halda þessu áfram, en önnur hefur orðið raunin,“ sagði Valtýr í spjalli við blaðamann Morgunblaðsins, þar sem unnið var að uppsetningu sýningarinnar. „Þetta hefur gengið afskaplega vel, og það er okkur mikið aðhald að hafa þessa sýningu alltaf ár eftir ár,“ sagði Valtýr enn fremur. „Við erum nú tekin að eldast nokkuð, og sum komin á átt-ræðisaldur, en það er enginn bilbugur á okkur, og ég var nú rétt í þessu að ganga skriflega frá því að við sýnum hér aftur að ári!“

Það er erfitt segi ég, og það veitir mikið aðhald að hafa þessar sýningar með þessum hætti, við verðum að vinna töluvert til að það geti gengið, og að sjálfsögðu leggjum við metnað okkar í að hver ný sýning standi ekki þeirri síðustu að baki, hvernig svo sem til tekst, það verða aðrir að dæma um. — Breytingar, já það hafa orðið miklar breytingar á þessum tíu árum, en kannski ekki svo miklar frá ári til árs. Ég er ekki viss um að almennur sjái svo miklar breytingar frá einu ári til annars, en ef allt tímabilið er skoðað, þá sjást að ég hygg veruleg umskipti.“

— Þýðir það að þið eruð að hvika frá einhverju af því sem þið áður settuð á oddinn, eða eru þetta eðlilegar breytingar?

„Bæði og, hugsa ég. Það er eðli-



Stríð milli stunda, eða var það öfugt? — Kristján Davíðsson tekur á Valdimar Örnólfssyni í sjómanni.

legt að listin taki breytingum eins og allt lífið, og að einhverju leyti erum við að breytast meðvitað og ómeðvitað. Ég hefði til dæmis aldrei sýnt málverk eins og þau sem ég er með hér, fyrir nokkrum árum! — En þrátt fyrir allt og allt held ég að segja meg, að við höldum okkar striki í þessu og séum sjálfum okkur samkvæm. Kunni menn að meta list okkar, þá er það vel, en telji menn þetta meinsemd í íslenskrri menningu, þá verður bara að hafa það! Menn verða að búa við þetta eins og íslenska veðráttu, hvort sem þeim líkar betur eða verr!

— Já, ég tala um okkur, það er rétt, og vegna þess að við eigum talsvert mikið sameiginlegt í myndlistinni, þó svo sé líka mikill munur. Við höfum öll gengið í gegnum svipaða erfiðleika, og það var töluvert hasar í kringum þetta hér áður fyrr. Enn held ég að við séum talsvert umdeild, en þetta er þó að róast. Við höfum mikið

Skólabörn í Reykjavík:

## Tíu sinnum meiri tannskemmdir en í dönskum börnum


TÍÐNI tannskemmda er mjög mikil á Íslandi og hefur síst minnkað þrátt fyrir aukin starf tannlækna. Tannskemmdir eru nú t.d. hjá skólabörnum í Reykjavík tíu sinnum algengari en hjá sambærilegum aldurshópum danskra barna. Kostnaður við tannlækningar vex ódfluga og því verður að leita allra ráða til þess að stemma stigu við tannsjúkdómum.

Þetta kom meðal annars fram á blaðamannafundi sem boðað var til að loknu svokölluðu „Flúorþingi“ sem haldið var í Reykjavík 8. og 9. þessa mánaðar. Tilgangur þingsins var að kynna nýjustu rannsóknir á því hvernig flúor verði notað á sem öruggastan og hagkvæmasta hátt gegn tannsjúkdómum, en flúor er einmitt áhrifaríkasta efnið sem þekkt er til varnar tannskemmdum.

Til þingsins er boðað af Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi

ísl. sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Landlæknisembættinu og til þess voru kallaðir vísindamenn frá Norðurlöndunum, Írlandi og Bandaríkjunum. Einnig íslenskir vísindamenn og stjórnendur heilbrigðismála.

Ingolf J. Möller, fulltrúi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, sagði í samtali við blaðamenn, að notkun flúors færi aðallega fram með tvennum hætti: Inntaka eða útvortis meðferð. WHO mælti með flúorblöndun



Pallborðsumræður á „Flúorþingi“.

(Ljóm. Mbl: Emelía B. Björnsd.)

neysluvatns, það væri árangursríkasta aðferðin til að fyrirbyggja tannskemmdir og hefði hún verið lögleidd víða um heim. Ingolf sagði, að flúorbragðið myndist ekki og væri flúoríð hættulaust, væri þess neytt í hófi og notkun þess hefði engar aukaverkanir í för með sér.

Dennis O'Mullane, prófessor við Tannlæknaháskólann í Wilson Cork á Írlandi, sagði við blaðamenn, að Írar hefðu margra ára reynslu í flúorblöndun neysluvatns. Hjá þeim hefði flúorblöndunin verið lögleidd, en hún hefði hafist í Dublin 1964 og nú byggju

60% landsbúa við slíkt neysluvatn, en ekki væri talið mögulegt að framkvæma þetta nema í borgum með meira en 5.000 íbúum vegna kostnaðarins. Árangurinn sagði O'Mullane að væri sjáanlegur; tannskemmdir hefðu minnkað í landinu öllu, en þó mest á þeim svæðum þar sem flúorblöndun væri framkvæmd. O'Mullane sagðist aðeins vera kominn til að miðla Íslendingum af reynslu Íra, en ekki að segja þeim hvað þeir ættu að gera, en reynsla Íra væri óneitanlega mjög góð.

Þorgrímur Jónsson tryggingayfirlæknir sagði, þegar hann var

spurður hverjar væru ástæður mikilla tannskemmda hér á landi, að tannlækningar væru ekki eins skipulagðar hér og á Norðurlöndum og hér hefði fyrirbyggjandi starfi verið lítið sem ekkert sinnt. Hann sagði, að kostnaður við tannlækningar væri orðinn svo mikill að eitthvað róttækt þyrfti að gera og væri „Flúorþingið“ einn þátturinn í að leysa vandann. Síðan væri það pólitísk ákvörðun hinna einstóku sveitarfélaga hvort farið yrði út í flúorblöndun neysluvatnsins. Þorgrímur sagðist vita til að undirbúningur væri þegar hafinn að slíkum framkvæmdum á Blönduósi.